

Ed.

177. Nefndarátt

um frumvarp til laga um merking á kjöti.

Vjer, sem háttvirt deild fól mál þetta til meðferðar, höfum athugað það og orðið ásáttir um að ráða háttv. deild til að samþykkja það með lítilsháttar breytingu.

Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að hinir lögskipuðu lækna, sem stjórnarráðið skipar til kjötskoðunar, taki próf hjá dýralækninum á Akureyri eða Reykjavík, þá þykir nefndinni rjettara að binda ekki próf þetta eingöngu við við þessa lækna, þar sem búast má við, að fleiri lögskipaðir dýralæknar verði á landi hjer, og gæti því orðið óþægilegt og erfiðleikar fyrir ýmsa lækna á landinu, að þurfa að sækja próf þetta endilega til Reykjavíkur eða Akureyrar. Enn fremur þykir nefndinni vanta ákvæði í frumvarpið um fyrirkomulag á þessum prófum, og vill að stjórnarráðið ákveði það í reglugerð.

Fyrir því leggur nefndin til að gera þessa

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. aðra málsgrein.

Fyrir »dýralækninum . . . Akureyri«, komi: lærðum lögskipuðum dýralækni hjer á landi, samkvæmt reglugerð sem stjórnarráðið semur.

Efri deild Alþingis 7. ágúst 1912.

Stefán Stefánsson
(formaður).

Þórarinn Jónsson
(skr. og frams.m.).

Guðjón Guðlaugsson.